

Sextugasti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 7. apríl 2021 í fjarfundi. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Arna Hagalínsdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Magnús Rúnar Dalberg, Marianna Helgadóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir og Árni Davíðsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og önnur leyfi.

- a) Pétur Pétursson f.h. JöklaVin ehf. sækir um starfsleyfi fyrir þróun á áfengisvörum og heildsölu með áfengi með skrifstofu að Rituhöfða 6 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfið samkvæmt lögum um matvæli þann 26. janúar.
„Staðfest.“
- b) Birgir Ásgeirsson f.h. Fiskbúðin okkar ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir fiskbúð með vinnslu að Nesvegi 100 á Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfið samkvæmt lögum um matvæli þann 16. mars.
„Staðfest.“
- c) Jóhann Jónasson f.h. Deilir Tækniþjónusta ehf. sækir um starfsleyfi vegna flutnings í nýtt húsnæði fyrir málmsmíðaverkstæði að Völuteigi 31 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 17. mars með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, að loknum 4 vikna auglýsingatíma. Engar athugasemdir bárust við starfsleyfið.
„Staðfest.“
- d) Aðalbjörg Eggertsdóttir f.h. Lyf og heilsa hf. sækir um starfsleyfi vegna flutnings í nýtt húsnæði fyrir Apótekarann að Sunnukrika 3 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli þann 7. apríl.
„Staðfest.“
- e) Dagný Hængsdóttir f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sækir um starfsleyfi vegna flutnings í nýtt húsnæði fyrir Heilsugæslu Mosfellsumdæmis að Sunnukrika 3 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 7. apríl með starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir.
„Staðfest.“

2. Umsagnir um erindi stjórnvalds.

- a) Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dagsett 29. desember 2020 þar sem óskað var umsagnar um undanþágu frá tímabundnu starfsleyfi fyrir flugeldasýningu á veginum að Lágafellskirkju þann 6. janúar 2021. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 30. desember 2020.
„Staðfest.“
- b) Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dagsett 26. janúar 2021 þar sem óskað var umsagnar um undanþágu frá tímabundnu starfsleyfi fyrir flugeldasýningu á Valhúsahæð þann 7. febrúar. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 28. janúar 2021.
„Staðfest.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- c) Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 05. mars 2021 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Ferðapjónustuna Hjalla, kt. 420506-2520, fyrir rekstri veitingastaðar í flokki II, tegund veitingastofa og greiðasala í Kaffi Kjós í Kjósarhreppi. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 9. mars 2021.
„Staðfest.“

3. Umsagnir um skipulag.

- a) Umhverfisstofnun sendi beiðni um umsögn dagsett 8. október um tillögu að endurskoðun friðlýsingar Varmárósa.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 11. janúar lögð fram.
- b) Mosfellsbær sendir beiðni um umsögn dagsett 17. desember um deiliskipulag fyrir Helgadalsveg 60.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 19. febrúar lögð fram.
- c) Mosfellsbær sendir beiðni um umsögn dagsett 17. desember um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar fyrir Dalland.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 19. febrúar lögð fram.
- d) Mosfellsbær sendir beiðni um umsögn dagsett 8. febrúar um grenndarkynningu á umsókn um leyfi til að byggja frístundahús á lóðinni Hamrabrekkur 1.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 8. febrúar lögð fram.
- e) Mosfellsbær sendir beiðni um umsögn dagsett 14. janúar um grenndarkynningu á umsókn um leyfi til að byggja einbýlishús á lóðinni Brekkukot.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 2. febrúar lögð fram.
- f) Seltjarnarnes sendir beiðni um umsögn dagsett 22. janúar um breytingu á aðalskipulagi vegna byggingar leikskóla við Suðurströnd.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 19. febrúar lögð fram.
- g) Seltjarnarnes sendir beiðni um umsögn dagsett 1. febrúar um breytingu á aðalskipulagi vegna byggingar búsetukjara fatlaðra við Kirkjubraut.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 1. mars lögð fram.
- h) Mosfellsbær sendir beiðni um umsögn dagsett 10. febrúar um nýtt deiliskipulag fyrir Heytjarnarheiði, frístundahús í landi Miðdals.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 4. mars lögð fram.
- i) Mosfellsbær sendir beiðni um umsögn dagsett 10. febrúar um aðal- og deiliskipulagslýsingu fyrir 5. áfanga Helgafellshverfis.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 4. mars lögð fram.
- j) Skipulagsstofnun sendir beiðni um umsögn dagsett 2. mars um um skýrslu Landsnets „Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Endurnýjun á 220 kV Kolviðarhólslínu 1.“
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 22. mars lögð fram.

4. Umsagnir um áætlanir.

- a) Frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á samráðsgátt stjórnvalda birt 12. janúar, drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 2. mars lögð fram.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

5. Leirvogstungumelar.

Í samræmi við bókun heilbrigðisnefndar á 59. fundi var Vaka var áminnt formlega með bréfi 24. febrúar. Í því sama bréfi var fyrirtækinu tilkynnt um að áformað væri að beita frekari þvingunarúrræðum skv. VII. kafla laga um hollustuhætti og að það væri til skoðunar að leggja á dagsektir, sbr. 61. gr. laganna, til að knýja á um að svæði fyrirtækisins á Leirvogstungumelum verði hreinsað. Fyrirtækinu var veittur frestur til að koma að andmælum við fyrirhugaða ákvörðun, sbr. 13. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993 innan 3 vikna frá dagsetningu bréfsins. Engin andmæli bárust.

„Heilbrigðisnefnd ákveður að leggja dagsektir á Vöku frá og með 1. maí n.k. þar til svæði Vöku á Leirvogstungumelum hefur verið hreinsað af öllum úrgangi samanber bréf heilbrigðiseftirlits 26. janúar s.l. Fjárhæð dagsekta er ákveðin 20.000 kr. á dag. Ef ekki verður brugðist við innan hæfilegs tíma mun heilbrigðisnefnd endurskoða fjárhæð dagsekta.“

6. Reykjahvoll.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 22. mars með tilkynningu um meðferð máls og úrbótaáætlun aðila sem var lögð fram 29. mars.

„Heilbrigðisnefnd fellst á úrbótaáætlun og framkvæmdastjóra falið að fylgjast vel með málinu.“

7. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd.

- a) Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu árið 2020 lögð fram.
- b) Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 18. mars 2021 lögð fram.

8. Önnur mál.

- a) Lögð fram tillaga um samræmda útgáfu starfsleyfa matvælafyrirtækja eftir breytingu nr. 101/2020 á lögum um matvæli. Starfsleyfi fyrirtækja sem eingöngu falla undir lög um matvæli verða ótímabundinn.
- b) Tjaldanes. Staða málsins rædd.
- c) Heilbrigðiseftirlitinu falið að skoða stöðu á fráveituáætlun Mosfellsbæjar.

Fundi var slitið kl. 18:50.